

Ed.

500. Breytingartillögur

[14. mál]

við frv. til laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. 1. málsg. hljóði svo:

Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftár með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.

2. Við 11. gr. Greinin hljóði svo:

Til hælsvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar í allt að sex mánuði. Umsóknin skal undirrituð af umsækjanda í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem staðfesta, að undirskriftin sé gerð af fúsum og frjálsum vilja og að umsækjandi hafi verið vel fær um að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu, er í umsókninni fólst.

2. Þeir, sem sviptir eru sjálfræði vegna drykkjusýki.

3. Þeir, sem undirgangast fyrir sakadómi að sæta hælsvist allt að sex mánuði.

4. Þeir, sem dæmdir eru til hælsvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Tekið skal fram í umsókn, sbr. tl. 1, og yfirlýsingu fyrir dómi, sbr. tl. 3, að umsækjandi gangist undir að virða í einu og öllu þær reglur, sem um hælsvist eru settar.

3. Við 12. gr. Greinin hljóði svo:

Sá, sem fengið hefur hælsvist skv. 1.—3. tl. 11. gr., skal dvelja á hælínu svo lengi sem lækni þess ákveður. Þó skal sjúklingur, er hlotið hefur hælsvist skv. 1. eða 3. tl. 11. gr., aldrei dveljast lengur á hæli en hann hefur skuldbundið sig til með umsókn, þ. e. í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju.

Sá, sem dæmdur hefur verið til hælsvistar skv. 4. tl. 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Nú fer sá, sem fengið hefur hælsvist skv. ákvæðum þessara laga, heimildalaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá heimilt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er þeim tíma, sem segir í 1. og 2. málsg. þessarar greinar.